

Norrænn fundur 15.janúar 2019 Hannesarholti í Reykjavík.

Þátttakendur: Gro Holstad frá VOFO í Noregi, Per Paludan Hansen formaður EAEA og Trine Bendix Knudsen frá Den Danske Folkeoplysning Samraad (DFS) í Danmörku, Henrika Nordin frá Bildningsalliansen í Finnlandi, Jyrki Ijas frá Folk Highschool movement í Finnlandi. Antra Carlson frá NVL, David Samuelsson frá Studieförbunden, Margit Düüna og Ena Drenkhan frá Eistlandi (Estonian Non-formal Adult Education Association -ENAEA). Fimm stjórnarmenn Leiknar sátu fundinn, Guðrún Vala Elísdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Helga Gísladóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir. Helgi Þorbjörn Svavarsson var veðurtepptur fyrir norðan og komst ekki.

Fundurinn hófst á því að þátttakendur sögðu lauslega frá helstu atriðum og áherslumálum í fullorðinsfræðslu í sínum löndum. Þá kynnti Per Paludan Hansen EAEA og ICAE (International Council for Adult Education).

Antra Carlsson aðalverkefnistjóri NVL fjallaði um það að formennska norrænu ráðherranefndarinnar færðist til Íslands núna í upphafi árs 2019 og hvaða helstu áhrif það hefur á fullorðinsfræðsluna.

Áhersla norrænu ráðherranefndarinnar á þessu tíma bili er: Ungt fólk á norðurlöndunum, ferðamannaíðnaðurinn og hafið. Því næst fjallaði Trine frá Danmörku um fyrri hugmynd hópsins að sækja um stóran sameiginlegan styrk til UNESCO. Verkefnið myndi þá ganga út á varðveislu arfleifðar okkar sem norrænna þjóða og þá m.a. út frá handverki, matarhefðum, þjóðháttum o.fl. Niðurstaða fundarins var hinsvegar sú að umfang umsóknarinnar og sú vinna sem færi í umsókn væri ekki réttlætunleg á þessari stundu. Verkefnið var því sett í bið.

Helen Grey hjá Iðunni fræðslusetri kynnti verkefnið VISKA (Visible Skills of Adults) sem er Erasmus+ (KA3) stefnumótunarverkefni fjögurra landa. Í verkefninu er sjónum beint að því forgangsatríði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda og er Leikn í samráðshópi verkefnisins.

Dr. Anna Guðrún Eðvarðsdóttir aðjúnkt í Háskóla Íslands kynnti doktorsverkefni sitt „How education and research deepen local connections“.

Þá var fjallað um stöðu lýðskóla á Íslandi, og síðan fór Per Paludan Hansen yfir hugmynd að norrænni yfirlýsingum um fullorðinsfræðslu (manifesto) en málinu var frestað um sinn, enda ekki endilega talin þörf á sérstakri norrænni yfirlýsingu.